

Íþróttanefnd 2018 yfirlit

Í stjórn íþróttanefndar eru auk mín Sigrún Kröyer, Úrsúla Jünemann og Hafdís Rut Pétursdóttir.

Starfið hefur verið með hefðbundnum hætti, vatnsleikfimi 3svar í viku í Lágafellslaug, þar eru frábærir þjálfarar Karin Mattsson og Úrsúla Jünemann.

Ringó og boccia er í Varmá, þar er að fjölga þátttakendum. Einnig eru bocciatímar á Eirhömrum.

Verðlaun, sem ringóhópurinn vann, var hvatning til fjölgunar í hópnum, þetta er gaman og góð hreyfing.

Unga skólafólkið hefur verið með okkur að ósk íþróttakennara í ringótímum sem voru frábærir.

Leikfimi er á Eirhömrum undir stjórn Karin Mattsson.

Gönguhópurinn, sem er 3svar í viku, fær nú aðstöðu í vetur að ganga í íþróttasölum Varmár. Einnig á upphituðu svæði á útivelli.

Nýtt í okkar starfi er skák og stólajóga sem hefur hlotið frábæra þátttöku.

Karl Loftsson hefur stjórnað púttæfingum, félagsvist og bingó.

Eldra og unga fólkíð vinnur saman að hreyfilistinni.

Hvatningarhrópin eru nú ÁFRAM AFTURELDING & ÁFRAM FaMos.

Íþr.nefnd FaMos 18. feb. 2019 Pétur Guðmundsson form.